


Andvari úr annarri átt

A Kjarvalsstöðum hefur undanfarið staðið yfir yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur Ream. 107 myndir veita góða innsýn í feril þessarar listakonu, sem lést fyrir aldur fram, meðan list hennar var í fullri sókn.

hennar. Í stað þess að leggja áherslu á mikilfengleik íslenskra fjalla, jafnar hún út hæðir og túlkar víðar breiður heiðanna.

Þetta var vissulega nýr strengur sem braut í bága við hið þrönga rými margra ís-



Frá sýningu Ragnheiðar Ream á Kjarvalsstöðum.

Það dylst vart nokkrum, sem þessa sýningu hafa séð, að Ragnheiður var mikill listamaður. En hún var einnig sérstæður listamaður. Verk hennar eru mjög ólík því, sem íslend-

lenskra landslagsverka. Margir hafa ætlað að svona túlkun heyrði til hollenskrar hefð. En Ísland er engin Sviss, heiðalönd en ekki Alpatindar og víðáttur setja hér meiri svip á landslag,



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

ingar eiga að venjast í „landslagskóla“ sínum, hvort heldur það er komið frá Asgrími, Jóni eða Jóhannesi og/eða eftirmönnum þeirra. Það er blær myndanna sem er öðruvísi, litaval, uppbygging og sjálf myndhugsunin.

Ragnheiður hóf myndlistarnám í Bandaríkjunum árið 1954, við American University í Washington. Hún var þá komin hátt á fertugsaldur og ætlaði í framhaldsnám í pianóleik. Sagan segir að hún og eiginmaður hennar, Donald Ream, hafi fengið leigt í hljóðbæru húsi í höfuðborginni og nágrannarnir kvartad undan pianóæfingunum. Því hafi Ragnheiður fundið sér „hljóðlátara“ listform til tjáningar og byrjað að mála.

Hvort sagan er sönn eður ei, skiptir minnstu máli. Eitt er víst, að Ragnheiður náði tökum á málalastinni, á óvenju skömmum tíma. Um það vitna elstu myndirnar á sýningunni, sem gerðar eru um svipað leyti og Ragnheiður hefur nám sitt við The American University (Uppstilling 1, 2 og 3).

Á 7. áratugnum er Ragnheiður fyllilega búin að skapa sér ákveðinn stíl. Fjöl margar landslagsmyndir frá miðjum þessum tug staðfesta það. Sjónarhornið er hátt í forgrunni, en lækkar eftir því sem ofar dregur og nálgast sjóndeildarhring, sem liggur skýrt afmarkaður í fjarska. Formin eru stór hið næsta (á neðri helmingi myndflatar) en minnka snögglega á efri hlutanum. Þannig skapast ómælisviðátta sem streymir mót áhorfandanum líkt og landið væri séð úr lágfleygri flugvéli.

Hér er kannski komin ein skýring á sérstöðu Ragnheiðar og fólgin er í landslagsmyndum

en margur málarinn hefur viljað kannast við. Áhersla Ragnheiðar á hið lárétta er því fyllilega réttmæt.


Þá er litaval og formskyn óvanalegt. Í sjálfu sér eru þessi verk á mörkuð skipting lands, hafs og himins, væri næsta erfitt að átta sig á yrkiseftinu. Það fer ekki á milli mála, að Ragnheiður hefur orðið fyrir sterkari áhrifum frá amerísku málverki. Það sést best á litavali hennar og formgerð. Í þessu sambandi verður mér hugsað til málara á borð við Richard Diebenkorn. Bæði er það hin næma tilfinning fyrir undir- og yfirmálum (kannski komið frá Rothko) fyrir blæbrigðaríkum en einföldum flötum, þar sem hlutlægni er þanin til hins ýtrasta, þar til hún hverfur nánast fyrir flatar-kennndri formskipan. Þá eru litirnir, grænir og rauðir, langt frá þeim bláleita og grábláa eða sitröngula litaskala íslenskra málara, en nær þeim ameríska.

Þó er Ragnheiður Ream jafn íslensk í list sinni og hver annar landslagsmálari sem alinn er hér upp í „þjóðlegri“ listhefð. Ekki eru það landslagsverk hennar eingöngu, sem bera uppi listferil hennar, heldur einnig uppstillingarnar. Þar eru eplamyndirnar skýrusfu dæmin um þróttmikla ögun og tilfinningu fyrir fábrotum og ljósum formum.

Sem heild, er þessi yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar, líkt og ferskur andvari úr annarri átt en þeirri sem maður á að venjast af íslenskum málara. Þannig fannst mér, þegar ég sá myndir hennar fyrst og þannig verka þær á mig, enn þann dag í dag.



í leit að eldinum (Quest for fire)



Myndin fjallar um lífsbaráttu fjögurra ættbálka frummannsins. „Leitin að eldinum“ er frábær ævintýrasaga, spennandi og mjög myndin.

Myndin er tekin í Skotlandi, Kenya og Canada, en átti upphaflega að vera tekin að miklu leyti á Íslandi.

Myndin er í DOLBY STEREO. Aðalhlutverk: Everett Mc Gill, Rae Dawn Chong. Leikstjóri: Jean-Jacques Annand. Fumsýnd kl. 5 (Skírdag). Sýnd kl. 7 og 9.

Sýnd kl. 5, 7 og 9 annan páskadag. Bönnuð innan 16 ára.

Barnasýning kl. 3 annan páskadag.

Sonur Hróa Hattar Aukamyndir með Stjána Bláa Síðasta sinn. Gleðilega páska.



Síðasta ókindin



Ný spennandi litmynd, ógnvekjandi risaskepna frá hafdjúpnum sem ekkert fær grandað; með James Franciscus – Vic Morrow. Íslenskur texti Stranglega bönnuð innan 16 ára. Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11

Lokatilraun

Ný, spennandi, kanadísk litmynd. Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

Montenegro

Fjörug og djörf ný litmynd um eiginkonu sem fer heldur betur út á lífið... með Susan Anspach, Erland Josephson. Íslenskur texti. Bönnuð innan 16 ára. Sýnd kl. 3.10, 5.10, 7.10, 9.10 og 11.10

Ókupórin



Hörkuspennandi litmynd með Ryan O'Neal, Bruce Dern og Isabelle Adjani. Íslenskur texti, Bönnuð innan 14 ára. Endursýnd kl. 3.15, 5.15, 7.15, 9.15 og 11.15.



Frumnýr páska-myndina Íár

Hetjur fjallanna



Hrikalega spennandi ný amrísk úrvalskvikmynd í litum og Cinema Scope með úrvalsleikurum. Myndin fjallar um hetjur fjallanna sem börðust fyrir lífi sínu í fjallendi villta vestursins.

Leikstjóri: Richard Lang. Aðalhlutverk: Charlton Heston, Brian Keith, Victoria Racimo. Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð börnum innan 16 ára. Íslenskur texti.

Oliver Twist Sýnd kl. 2.30 laugar- dag og sunnudag.



LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Hassið hennar mömmu

3. sýn. miðvikudag uppselt. Rauð kort gilda

Salka Valka skírdag uppselt.

Jói

2. páskadag kl. 20.30. Miðasala í Iðnó kl. 14-20.30.



ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

Hús skáldsins

miðvikudag kl. 20 Tvær sýningar eftir.

Gosi

skírdag kl. 14 2. páskadag kl. 14 Fáar sýningar eftir.

Sögur úr Vínarskógi

skírdag kl. 20 Síðasta sinn.

Amadeus

2. páskadag kl. 20. Litla sviðið:

Kisuleikur

miðvikudag kl. 20.30. Fáar sýningar eftir. Miðasala 13.15-20. Sími 11200.



Með tvo í takinu



Létt og mjög skemmtileg bandarísk gamanmynd um ungt fólk við upphaf „Beat kynslóðarinnar“. Tónlist flutt af Art Pepper, Shorty Rogers, The Four Aces, Jimi Hendrix og fl. Aðalhlutverk: Nick Nolte, Sissy Spacek, John Hard. Sýnd kl. 5, 7 og 9.




Sígaunabaráinn

38. sýn. 2. í páskum kl. 20. Miðasala kl. 16-20, s. 11475.

Ósöttar pantanir seldar daginn fyrir sýningardag. Ath. Ahorfendasal verður lokað um leið og sýning hefst.

Á AKREINA-SKIPTUM VEGUM



á jafnan að aka á hægri akrein



ÞEGAR KOMIÐ ER AF VEGUM MEÐ BUNÐNU SLITLAGI...



tekur það sinn tíma að venjast breyttum aðstæðum...

FÖRUM VARLEGA!

